

FRÓÐLEIKUR

Þegar talað er um veðurfar er vísað til þess hvernig veður hefur verið um nokkurn tíma, helst í nokkur ár. Þá er spáð í meðaltöl hita og úrkomu á tímabilinu og það borið saman við meðaltöl annarra tímabila. Frá því mælingar hófust á Íslandi fyrir rúmum 200 árum hefur meðalhiti hækkað um nærri 1,5°C. Síðustu 10–15 ár hafa flestöll verið vel yfir meðalhita sem sést á mikilli grósku, hlýjum sumrum og mildum, snjóléttum vetrum.

Nú er óttast að meðalhitinn hækki enn hraðar vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum, einkum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Jöklar og hafis bráðna hraðar en áður. Í stað snjókomu fellur víða regn, svo ekki safnast eins mikill snjór í fjöll og áður. Ójafnvægi er áberandi í veðurfari, þurrkar valda myndun eyðimarka en óveður og flóð skemmdum og manntjóni. Sjávarflóð valda líka tjóni því yfirborð sjávar hækkar við bráðnun jökla heims.



RÆÐIÐ

- Hvaða breytingar eru að verða á veðurfari á Íslandi?
- Hvaða áhrif hafa þær breytingar á landið, lífríkið og fólkið sem hér býr?
- Hvaða breytingar eru að verða á loftslagi í heiminum?
- Hver er ástæða þessara breytinga?

VERKEFNI

YNGSTA STIG

Árstíðirnar. Hvaða einkennir veturinn? Hefur snjóað? Orð sem tengjast snjó. Verkefni á bls. 31–35 í *Náttúran allan ársins hring*, Skoðið vefinn Vetur <http://vefir.nams.is/snjor/index.html>

MIÐSTIG

- Loftslag og veðurfar í fréttum. Hvað er að gerast í heiminum? En á Íslandi?
- Hvað er átt við með gróðurhúsaáhrifum? Hvað veldur þeim? Hvað hefur koldíoxíð í andrúmslofti aukist mikið síðan foreldrar ykkar fæddust? CO₂ – *fram tíðin í okkar höndum*, bls. 12–13.

UNGLINGASTIG

- Búið til líkan/teiknið mynd sem sýnir lagskiptingu lofthjúpsins í réttum hlutföllum við þvermál jarðar.
- Safnið upplýsingum um veður í nálægri veðurstöð eða stundið sjálf veðurmælingar (t.d. lofthiti, vindhraði, vindátt, úrkomumagn og tegund og skýjahula) í vikutíma.
- Greinið hvað einkennir veðrið þennan tíma og berið saman við tíðarfar almennt í ykkar heimahéraði og svo við loftslagið almennt á Íslandi. CO₂ – *fram tíðin í okkar höndum*, bls. 6–7.
- Horfið á fræðslumyndina *Gróðurhúsaáhrif, loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar* á vef Námsgagnastofnunar eða DVD. Hvað eru vísindamenn að gera til að fylgjast með hlýnun jarðar? Hvað veldur gróðurhúsaáhrifum? Hvaða leiðir eru færar til að draga úr þessum áhrifum?